

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1993

21. september 1993

489

Nr. 100

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 1. október 1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 1. október 1993.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

24. september 1993

Nr. 101

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 98/1993 fyrir Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu menntamálaráðherra fellst á eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 98/1993:

1. gr.

Aftan við 70. gr. í IX. kafla um guðfræðideild bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fólk sem lokið hefur háskólaprófi einkum á sviðum uppeldis- og hjúkrunarfræði getur innritast í djáknanám til 30 eininga samkvæmt námsskrá sem deildin setur. Háskólinn skal láta stúdentum, er ljúka þessu námi, í té sérstakt prófvottorð. Heimilt er að hafa samvinnu við Kennaraháskóla Íslands og íslensku þjóðkirkjuna um einstaka þætti djáknanáms.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. september 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.